

STEFNA Í MÁLEFNUM GRUNNSKÓLA KÓPAVOGS

Grunnskólar í Kópavogi skulu ávallt vera í fremstu röð. Þeir skulu sýna frumkvæði og þjóna sem best ólíkum þörfum nemenda. Til að svo megi verða leggur Kópavogsbær metnað sinn í að skapa góðar aðstæður til skólahalds, bæði hvað varðar aðbúnað og innra starf skólanna.

Stefna Kópavogsbæjar í skólamállum, grunnskólalög og Aðalnámskrá grunnskóla leggja grunn að hugmyndafræði, inntaki og skipulagi grunnskólanna í Kópavogi.

HELSTU ÁHERSLUATRÍÐI Í SKÓLASTEFNU KÓPAVOGS ERU

- Að góð aðstaða sé til náms í öllum greinum í grunnskólum Kópavogs.
- Að kennarar sem starfa við skólana séu með kennsluréttindi á grunnskólastigi.
- Að bygging skólahúsnæðis fylgi uppbyggingu nýrra hverfa.
- Að viðhald og uppbygging skólahúsnæðis í eldri hverfum fylgi þróun í fjölda nemenda og almennum áherslubreytingum í skólamállum.
- Að skólahúsnæði sé vel nýtt í þágu nemenda, foreldra og bæjarbúa.
- Að góð aðstaða sé til íþróttakennslu við eða í nágrenni við alla skóla.
- Að skólunum sé vel stjórnað í þágu nemenda, foreldra og starfsfólks.
- Að skólar sýni faglegt frumkvæði og marki sér sérstöðu.
- Að skólarnir starfi samkvæmt skólasamningi um rammafjárveitingar og fjárhagslega ábyrgð.
- Að rekstrarumhverfi skólanna sé nútímalegt og stuðli að valddreifingu og ábyrgð.
- Að nemendum líði vel í skólunum og að sérhver einstaklingur nái settum markmiðum með skólagöngu sinni.
- Að boðið sé upp á hollan og góðan mat í skólunum.
- Að gott samstarf sé við foreldra í hverju skólahverfi.
- Að gott samstarf sé milli samtaka foreldra í bænum og bæjaryfirvalda.
- Að öryggi skólabarna sé tryggt í skólunum og slysavarnir til fyrirmyndar.
- Að umferðaröryggi skólabarna sé tryggt.
- Að öflugt forvarnarstarf fari fram í skólunum.
- Að tillit sé tekið til ólíkra þarfa nemenda.
- Að skólarnir vinni saman til hagræðis og hagsbóta fyrir nemendur.
- Að skólar séu starfræktir með hliðsjón af hugmyndum um vistvænt samfélag.
- Að stutt sé við fjölbreytileika í skólastarfi bæjarfélagsins.
- Að áhersla sé lögð á samfellu milli skóla og tómskundastarfs nemenda.
- Að frágangur skólalóða sé eins og best gerist.

GRUNNSKÓLADEILD FRÆÐSLUSVIÐS KÓPAVOGS

Hlutverk grunnskóladeildar er að veita grunnskólum Kópavogs faglega og rekstrarlega ráðgjöf og vinna að málefnum þeirra í umboði bæjaryfirvalda og samkvæmt stefnu hennar.

Grunnskóladeild kappkostar að þróa starfsumhverfi skólanna með þeim hætti að það veiti þeim sem mest faglegt og rekstrarlegt svigrúm.

Grunnskóladeild hefur eftirlit með að skólarnir starfi samkvæmt lögum um grunnskóla, aðalnámskrá og samþykktum sveitarstjórnar. Grunnskóladeild vinnur að verkefnum sínum í náinni samvinnu við stjórnendur skólanna og skólanefnd. Grunnskóladeild tryggir skólunum ráðgjöf og aðstæður til skipulagningar lögbundinnar sérfræðiþjónustu við skólana. Á grunnskóladeild skulu starfa sérfræðingar sem hafa faglega þekkingu til að veita skólunum þá ráðgjöf sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum.

Markmið:

- Að styðja skólana til faglegs metnaðar á öllum sviðum.
- Að tryggja góða sérfræðiþjónustu fyrir skólana.
- Að aðstoða skóla við úrlausn ágreiningsmála sem upp koma.
- Að tryggja skólastjórnendum góða rekstrarlega ráðgjöf og upplýsingar. Að veita skólastjórnendum nauðsynlegan stuðning í starfsmannamálum. Að stuðla að góðu samstarfi milli skóla og grunnskóladeildar.

Leiðir:

Grunnskóladeild skal hafa eftirlit með faglegu starfi skólanna og sjá til þess að lögum og reglugerðum um grunnskóla sé framfylgt. Grunnskóladeild skal starfa með skólunum í þágu endurmenntunar skólastjórnenda, kennara og annars starfsfólks.

Grunnskóladeild sér um að efla samstarf og samráð milli kennara.

Grunnskóladeild skal vera skólum innan handar við mat á innra starfi skólanna þar með talið sjálfsmat skóla. Hún skal kalla eftir upplýsingum um niðurstöður mats á innra starfi og kynna fyrir skólanefnd.

Grunnskóladeild skal fylgjast með og hafa eftirlit með skólasókn nemenda á grunnskólaaldri.

Grunnskóladeild skal hafa eftirlit með starfsemi skólanna og veita þeim faglega og rekstrarlega þjónustu.

Grunnskóladeild skal sjá um að þróa aðferðir til úthlutunar tíma- og fjármagns til skólanna sem uppfylla ákvæði grunnskólalaganna og Aðalnámskrár grunnskóla.

Grunnskóladeild móti vinnuferla og miðli upplýsingum varðandi stjórn starfsmannamála og þróun kjarasamninga.

Grunnskóladeild skal sjá um að tryggja skólastjórnendum greiðan aðgang að upplýsingum um rekstur skólanna.



Grunnskóladeild skal sjá um að vinna reglubundnar greiningar á kostnaðarliðum og ýmiss konar tölfraði sem snýr að þróun skólastarfs.

STARFSMANNAHALD

Skólayfirvöld í Kópavogi hafa það að stefnu sinni að starfsfólk grunnskólanna sé vel menntað og hæft. Hæfir og vel menntaðir skólastjórnendur, kennarar og starfsfólk er forsenda árangursríks skólastarf og grunnurinn að menntun nemenda.

Fagleg forysta, skólaþróun og rekstrarleg ábyrgð hvíla á herðum skólastjóra. Önnur stjórnun er skilgreind í skólanámskrá og skipuriti hvers skóla.

Markmið:

- Að skólastjórar hafi menntun og reynslu á sviði stjórnunar, hæfni til stjórnunar, rekstrarlega hæfni og góða samskiptahæfileika.
- Að ráðnir séu réttindakennarar í allar kennarastöður við grunnskóla Kópavogs.
- Að skólastjórar ákvarði skipulag stjórnunar í skólanum með hliðsjón af hagsmunum skólans í samráði við grunnskóladeild og skólanefnd.
- Að skólastjórnendur leggi kapp á skilvirkt og metnaðarfullt skólastarf og góða nýtingu skólatíma nemenda.
- Að stuðlað sé að góðu samstarfi milli kennara í grunnskólum til að auka gæði þjónustu á hverjum tíma.

Leiðir:

Skólastjórnendur skulu leggja kapp á skilvirkt og metnaðarfullt skólastarf og stuðla að fjölbreytni í starfi hjá hverjum og einum.

Skólastjórar skulu gæta þess að viðhafa faglega stjórnun í starfsmannamálum, s.s. varðandi ráðningar og starfsmannasamtöl.

Í öllum tilvikum verður leitast við að ráða réttindakennara í allar kennarastöður sem losna við grunnskóla Kópavogs.

Kópavogsbær mun leggja sig fram um að bjóða starfsmönnum upp á vinnuumhverfi sem stuðlar að vellíðan í starfi.

Skólarnir skulu gera símenntunaráætlanir sem stefni að fjölbreyttri og árangursríkri símenntun fyrir skólana í heild og tekur mið af símenntunarpörf kennara og starfsfólks á hverjum tíma.

Skólastjórnendum skal standa til boða að sækja fræðslu og ráðgjöf varðandi stjórnun, rekstur og starfsmannahald.



Stjórnendur og starfsmenn skulu taka vel á móti nýju starfsfólki og setja það inn í starfið með markvissum hætti.

Í hverjum skóla skal vera til starfsmannahandbók.

Stefna skal að því að starfsfólk af erlendu bergi brotið eigi þess kost að sækja íslenskunámskeið.

SKIPULAG SKÓLASTARFS

Samkvæmt ákvörðun bæjaryfirvalda skiptist Kópavogur í skólahverfi sem eru jafnmörg og grunnskólarnir. Í hverju skólahverfi er heildstæður grunnskóli sem nemendur með lögheimili þar sækja alla jafna. Forráðamenn barna geta sótt um að börn þeirra sækji annan hverfisskóla í bænum en þeirra hverfisskóla.

Kópavogsbær leggur áherslu á að gott samstarf sé á milli grunnskóla bæjarins og annarra skólastiga í bæjarfélaginu, sem og annarra sem vinna að málefnum barna. Hvatt er til faglegs samstarfs milli skólastjórnenda og kennara allra grunnskólanna. Með samstarfi milli skóla og skólastiga skal hafa þarfir og velferð nemenda og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi.

Hver skóli skal hafa svigrúm til að móta sér sérstöðu innan ramma skólastefnu Kópavogsbæjar.

Markmið:

- Að gott faglegt samstarf ríki milli grunnskóla og annarra skólastiga í Kópavogi.
- Að skólar skipuleggi starf sitt fyrst og fremst með þarfir og hagsmuni nemenda að leiðarljósi og með það fyrir augum að sérhver þeirra fái notið sín.
- Að skólar horfi til hagsmuna foreldra og barna við skipulagningu skólastarfs.
- Að boðið sé upp á holla og næringaríka fæðu fyrir nemendur.
- Að starfsáætlun skólans sé aðgengileg nemendum og foreldrum, s.s. á heimasíðum skólanna.
- Að allir grunnskólar setji sér forvarnarstefnu í samræmi við forvarnarstefnu bæjarins.
- Að allir grunnskólar séu með virka áfallaáætlun og fylgi henni eftir.
- Að öryggi skólalóða og skólabygginga sé í samræmi við lög og reglugerðir.
- Að skólar hugi markvisst að umferðaröryggi í nágrenni skólans.

Leiðir:

Grunnskóladeild skal hafa eftirlit með að grunnskólar og leikskólar í hverju hverfi samræmi skóladagatöl eins og hægt er. Leikskóli og grunnskóli skulu einnig hafa með sér náð samstarf til að auðvelda nemendum flutning á milli skólastiga.

Grunnskóladeild skal leitast við að efla samstarf og upplýsingaflæði milli grunn- og framhaldsskóla. Stuðla skal að auknum möguleikum grunnskólanema til að stunda einingabært nám í framhaldsskóla.

Grunnskóladeild skal leita leiða við að koma tónlistarnámi í meira mæli inn í skólana með því að efla enn frekar samstarfið við þá skóla sem bjóða upp á tónlistarnám í Kópavogi. Enn fremur mun Skólanefnd



Kópavogs vinna áfram að því að leita leiða til að færa íþrótt- og tómstundastarf inn í skólana eins og kostur er.

Grunnskóladeild skal í samstarfi við forvarnarfulltrúa bæjarins hafa eftirlit með að allir skólar bæjarfélagsins vinni samkvæmt forvarnarstefnu Kópavogsbæjar.

Grunnskóladeild skal hafa samstarf og eftirlit með að í öllum grunnskólunum sé til staðar áfallaáætlun og að henni sé fylgt eftir þegar aðstæður krefjast þess.

Grunnskóladeild mun leita eftir samstarfi við Framkvæmda- og tæknisvið Kópavogs til að vinna saman að því að yfirfara öryggismál í kringum grunnskóla Kópavogs til að tryggja öryggi nemenda og starfsfólks.

Í skólunum verður boðið upp á næringarríkar og góðar máltíðir og stefnt að því að sem flest börn borði heitan mat í skólunum í hádeginu.

NEMENDUR

Til að halda úti öflugu skólastarfi er nauðsynlegt að stuðla að því að námið ýti undir og eflí menntun og þroska hvers einstaklings. Markmiðið hlýtur alltaf að snúast um að búa nemendur undir framtíðina, að takast á við líf og starf í síbreytilegu samfélagi. Til þess að ná því þarf að taka tillit til ólíkra þarfa og getu nemenda, byggja upp skólasamfélag sem öllum líður vel í og þar sem einstaklingar fá að njóta sína.

Í grunnskólum Kópavogs er lögð áhersla á að kennsluhættir taki mið af þörfum einstaklinga með fjölbreyttum náms- og kennsluháttum og að starfsumhverfi skólanna eflí félagslega færni nemenda, stuðli að jákvæðri sjálfsmynd þeirra og ýti undir heilbrigðan metnað. Kópavogsbær mun leggja sig fram um að skapa góð skilyrði til kennslu og tryggja að skólastarf standist gæðakröfur.

Markmið:

- Að skólar skipuleggi starf sitt fyrst og fremst með þarfir og hagsmuni nemenda að leiðarljósi og með það fyrir augum að sérhver þeirra fái notið sín.
- Að ýta undir vellíðan nemenda í skóla með því að skapa þeim gott umhverfi til náms.
- Að efla félags- og samskiptafærni nemenda.
- Að stefna að samfellu milli skólastarfs, tómstundastarfs, íþróttaiðkunar og listnáms eins og kostur er.
- Að starfsáætlun skólans sé aðgengileg nemendum og foreldrum, s.s. á heimasíðum skólanna.
- Að námsframboð skólanna sé fjölbreytilegt og höfði til allra nemenda, jafnt bráðgerra barna og þeirra sem þurfa á sérfræðiaðstoð að halda.

Leiðir:

Kópavogsbær leggur áherslu á að grunnskólar Kópavogs hafi ákveðið frelsi í náms- og kennsluháttum til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Kópavogsbær mun leggja sig fram um að skapa grunnskólunum góð skilyrði til kennslu og tryggja að skólastarf standist gæðakröfur, grunnskólalög og Aðalnámsskrá.



Grunnskóladeild skal leita eftir samráði við Íþrótt- og tómstundaráð Kópavogs um uppbyggingu íþróttastarfs í eða við skólana að höfðu samráði við skólastjórnendur hvers skóla. Einnig verður leitað leiða við að koma tónlistarnámi og öðru listnámi að einhverju leyti inn í skólana.

Leitað verður leiða við að efla félagslega og samskiptalega færni nemenda og stuðla að jákvæðri sjálfsmynd þeirra með því að búa þeim hvetjandi starfsumhverfi og laða að hæft og vel menntað starfsfólk.

Leitast verður við að koma til móts við börn sem þurfa mikillar aðstoðar við, m.a. með fjölbreyttu námsframboði, með góðri sérfræðipjónustu í skólunum og bjóða upp á fjölbreytt úrræði fyrir börn með hegðunar- og þroskafrávik.

Huga skal að þörfum bráðgerra barna með því að bjóða þeim upp á nám við hæfi.

Skólarnir skulu vinna að aðlögun fjöltyngdra nemenda og koma til móts við þarfir foreldra þeirra í miðlun upplýsinga eins og kostur er.

Skólarnir skulu halda úti öfluglu og markvissu forvarnarstarfi í góðri samvinnu við SAMKÓP, foreldrafélög og félagsmiðstöðvar ÍTK.

Leitað verður leiða til að bjóða upp á fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf og listnám í skólunum eða nágrenni þeirra að kennsludegi loknum.

Allir grunnskólar Kópavogs eiga að setja sér forvarnarstefnu í samræmi við forvarnarstefnu bæjarins. Skólanefnd mun kalla eftir upplýsingum frá grunnskólunum til að tryggja að allir skólarnir hafi virka forvarnarstefnu.

Allir grunnskólar Kópavogs eiga að setja sér aðgerðaráætlun gegn einelti. Grunnskóladeild mun kalla eftir upplýsingum varðandi aðgerðaráætlunina og leiðbeina skólastjórnendum varðandi úrlausn mála þegar þörf er á.

Skólarnir munu reglulega fá aðgang að rannsóknum á líðan barna/ungmenna og á vímuefnaneyslu ungmenna í 9. og 10. bekk grunnskóla.

Að efla samstarf grunnskólanna m.t.t. jafnræðis milli nemenda þar sem þess er kostur og hagkvæmt þykir.

HEIMILI OG SKÓLI

Samstarf og samábyrgð heimila og skóla er lykill að árangursríku skólastarfi. Góð samvinna starfsmanna skólanna og foreldra getur stuðlað að alhliða þroska og bættri líðan nemenda og haft hvetjandi áhrif á námsárangur þeirra. Lykillinn að skilvirku samstarfi er gagnkvæmt traust, en til að vel takist til þarf frumkvæðið að samstarfinu að koma frá skólunum sjálfum. Um leið er mikilvægt að foreldrar sýni skólastarfinu áhuga og styðji þannig við barn sitt og námsumhverfi þess. Í skólastefnu Kópavogsbæjar er lögð áhersla á að grunnskólar bæjarins leggi sitt af mörkum til að efla og styrkja samstarf heimila og skóla.



Markmið:

- Að gott starfsumhverfi sé skapað fyrir skólaráð og foreldrafélög.
- Að kennarar eigi gott samstarf við foreldra.
- Að góð upplýsingamiðlun sé milli heimila og skóla.
- Að umsagna skólaráða sé leitað við gerð skólanámskrár.
- Að skólar nýti kosti upplýsingatækninnar í samskiptum við foreldra.
- Að foreldrum sé gefinn kostur á að hafa áhrif á stefnumótun hvers skóla á vettvangi skólaráða.
- Að skólar setji sér skýrar reglur um kostnað í vettvangsferðum á vegum þeirra.

Leiðir:

Skólarnir skulu horfa til hagsmuna foreldra við skipulagningu starfs síns, m.a. með því að hafa samráð við stjórnendur leikskólanna í hverfinu við skipulag skóladagatala og leita umsagna skólaráða við gerð skólanámskrár.

Skólastjórnendur og kennarar skulu leggja áherslu á gott samstarf við foreldra, skólaráð og nefndir í samræmi við grunnskólalög.

Leitast skal við að efla samstarf milli heimilis og skóla með því að skólarnir geri áætlun um tilgang og tíðni samskipta, útskýri væntingar til samstarfsins og geri reglubundið mat á framvindu þess og árangri.

Grunnskóladeild skal hafa eftirlit með að heimasíður grunnskólanna séu virkar og veiti hagnýtar upplýsingar um starfsáætlun skólanna og skólastarfið.

Skólaráð í grunnskólum bæjarins eru hvött til þess að senda greinargerð til skólanefndar í lok skólaárs um starf ráðsins og þau verkefni sem unnin voru af þeirra hálfu yfir veturinn.

SKÓLAHÚSNÆÐI OG AÐBÚNAÐUR

Skólahúsnæði og nánasta umhverfi skólanna er sú sýnilega umgjörð sem skólastarfið í grunnskólum bæjarins hefur. Mikilvægt er að skólahúsnæðið veiti góða aðstöðu til náms og starfs og að allur aðbúnaður sé í takt við þarfir nútímans, enda er það ein af forsendum þess að nemendur og starfsfólk nái árangri í sínum störfum. Kennslustofur þurfa að vera vel búnar húsgögnum og kennslutækjum sem hæfa því starfi sem þar fer fram og taka mið af ólíkum aldursþópum og ólíkri getu nemenda. Nemendafjöldi í skólastofu fer eftir stærð skólastofu í samræmi við Reglugerð um lágmarksaðstöðu grunnskóla nr. 519/1996.

Skólalóðir eru hluti af námsumhverfi skólanna og þurfa að taka mið af nemendafjölda viðkomandi skóla og ólíkum þörfum nemenda eftir aldri. Mikilvægt er að öryggi nemenda sé tryggt á skólalóðum.

Markmið:

- Að húsnæði skólanna sé vandað og þjóni þörfum nemenda og starfsfólks.
- Að skólahúsnæði sé í samræmi við byggingarreglugerðir hvers tíma og að nýir grunnskólar séu ekki teknir í notkun nema að uppfylltum lögum og reglugerðum.

- Að húsnæðið skapi möguleika á sveigjanleika í skólastarfi og sé nýtt til margs konar verkefna; kennslu og annarra verkefna sem þjóna hagsmunum bæjarbúa, t.d. félags- og menningarstarfa.
- Að skólahúsnæði sé hannað, byggt og rekið með hliðsjón af vistvænum sjónarmiðum.
- Að húsnæði skólanna sé vel við haldið og vistlegt.
- Að kennslustofur séu vel búnar húsgögnum og kennslutækjum sem hæfa því starfi sem þar fer fram.
- Að góð aðstaða sé fyrir starfsfólk skólanna.
- Að samþykktum markmiðum skólanefndar um tölvubúnað skólanna sé fylgt eftir.
- Að skólalóðir séu vel afmarkaðar, hannaðar í samræmi við þarfir nemenda og fullfrágengnar.

Leiðir:

Bæjaryfirvöld munu sjá til þess að skólahúsnæði og aðbúnaður sé í samræmi við gildandi kröfur og viðmið. Í eldri skólunum skal unnið að nauðsynlegum endurbótum til að fullnægja kröfum hverju sinni og heildstæðir grunnskólar verða byggðir upp samhliða uppbyggingu nýrra hverfa í bænum.

Skólanefnd skal fylgja því eftir að gerð sé úttekt á skólalóðum og skólabyggingum í samvinnu við Framkvæmda- og tæknisvið Kópavogs til að tryggja að öryggi og frágangur sé til fyrirmyndar.

Grunnskólar Kópavogs skulu halda atvikaskrá um slys sem verða í eða við skólana. Skólanefnd mun nota atvikaskrána til að meta hvort grípa þurfi til aðgerða til að tryggja öryggi nemenda og starfsfólks.

DÆGRADVÖL

Dægradvöl er rekin við alla grunnskóla Kópavogs fyrir nemendur í 1.-4. bekk. Dægradvöl er valkvæð, en þar dvelja börn við leik og skapandi starf í umsjá starfsfólks eftir að skóla lýkur.

Skólastjóri hvers skóla ber rekstrarlega og faglega ábyrgð á starfi Dægradvalar. Skólastjórnendur leggja metnað sinn í að uppbyggilegt starf sé skipulagt innan dægradvalanna.

Markmið:

- Að húsnæði Dægradvalar sé hentugt, vel búið og öruggt fyrir börnin.
- Að tryggja nemendum og starfsfólki Dægradvalar góðan aðbúnað og góða aðstöðu.
- Að ráðið sé fólk með uppeldismentun til stjórnunar í Dægradvöl.
- Að fagleg starfsemi Dægradvalar taki mið af þroska og athafnaþrá barnanna.
- Að sjálfsmat skóla taki til starfsemi Dægradvalar.
- Að stefnt sé að auknu samstarfi Dægradvalar og annarra tómsundaúrræða
- Að góð og örugg aðstaða sé til útivistar við Dægradvöl.
- Að öllum nemendum standi Dægradvöl til boða á starfsdögum kennara.



Leiðir

Grunnskóladeild skal hafa eftirlit með starfsemi og aðbúnaði allra Dægradvala við grunnskóla Kópavogs í samráði við skólastjórnendur.

Þegar stefna skólanefndar tekur gildi mun Grunnskóladeild verða falið að gera úttekt á menntunarbakgrunni þeirra sem stýra Dægradvöl við grunnskóla Kópavogs. Grunnskóladeild verður síðan falin sú ábyrgð að sjá til þess að skólastjórnendur reyni í hvívetna að uppfylla þetta markmið við nýráðningar í Dægradvöl.

Grunnskóladeild er falið að afla upplýsinga um hvernig starfsemi Dægradvalar er háttað í skólum bæjarins í því skyni að gera úttekt á því hvort þörf sé á aðgerðum til að gera starfið fjölhæfara.

Leitast verður við að nýta húsnæði skólanna undir íþrótta- og tómstundastarf eins og kostur er til að ná fram auknu samstarfi milli Dægradvalar og annarra tómstundaúrræða.